

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	31/12 2019
Málsnr:	1802244
Bréfal:	320



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samkomulag um styrk 2019

1. Styrkveitandi

Félagsmálaráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík.

Kennitala: 521218-0610 – Netfang: postur@frn.is.

Tengiliður styrkveitanda:	Málsnúmer styrkveitanda:
Linda Rós Alfreðsdóttir Skrifstofu barna- og fjölskyldumála	FRN20010103

2. Styrkþegi

Styrkþegi:	Forsvarsmáður/tengiliður styrkþega:
Hafnarfjarðakaupstaður Strandgötu 6 Kt. 590169-7579	Rannveig Einarsdóttir Kt. 2705617569

3. Verkefni

Lýsing verkefnis sem styrkt er: <p>Fjöldi barna sem koma fylgdarlaus til landsins í leit að alþjóðlegri vernd fer vaxandi. Mikilvægt er að hlúa vel að þessum börnum og tryggja að þörfum þeirra sem snúa að líkamlegri og andlegri líðan sé sinnt vel. Einmannaleiki og félagsleg einangrun einkennir gjarnan fylgdarlaus börn. Þátttaka í félagsstarfi, íþróttum og tómstundum er því gríðarlega mikilvæg. Veittur er styrkur til Hafnarfjarðarbæjar til að hefja tilraunaverkefni með það að markmiði að styrkja og bæta líðan fylgdarlausra barna og ungmenna. Verkefnið mun standa öllum fylgdarlausum börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd til boða á árinu 2020, þ.e. á vorönn og haustönn. Verkefnið skal byggja á tillögum sem Hafnarfjarðabær sendi félagsmálaráðuneytinu þann 26.11.2019.</p>

Handwritten initials/signature in blue ink.

4. Styrkur

Ákvörðun um styrk:		
Félags- og barnamálaráðherra veitir Hafnarfjarðabæ 4,0 m.kr. styrk til verkefnisins.		
Heildarfjárhæð styrks:	Innleggsreikningur:	Fjárlagaliður:
4.000.000.-	0545-26-230	07999-14900

5. Skilmálar

Sérstakir skilmálar, ef við á:

a) **Greiðsla styrks**

Styrkurinn verður greiddur að lokinni undirskrift.

b) **Notkun styrks**

Styrkþegi ábyrgist að styrknum verði eingöngu varið til verkefnisins og þeirra markmiða sem lýst er í lið 3.

c) **Styrktaraðili nefndur í kynningarefni**

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.fl. sem tengist hinu styrkta verkefni, skal koma fram að það sé styrkt af félagsmálaráðuneytinu.

d) **Upplýsingagjöf, uppgjör og endurskoðun**

Styrkþegi skal veita styrkveitanda upplýsingar um verkefnið, sem styrkurinn er veittur til, hvenær sem óskað er.

Styrkþega er skylt að upplýsa styrkveitanda tafarlaust um atvik sem valda því að styrkþegi getur ekki sinnt verkefninu á þann hátt sem ráðgert var og ákvörðunin um styrkveitinguna byggist á.

Styrkþegi skal senda félagsmálaráðuneytinu greinargerð um stöðu verkefnis og notkun fjármuna vegna þess fyrir 1. nóvember 2020. Greinargerðin skal staðfest af styrkþega og óháðum skoðunarmanni eða endurskoðanda.

Allar upplýsingar um verkefnið, svo sem greinargerðir um stöðu verkefnis og fjárhagsuppgjör, skal senda á PDF-formi í tölvupósti til ráðuneytisins á netfangið frn@frn.is

Styrkþegi ber ábyrgð á að skila Ríkisskattstjóra fjárhagsuppgjóri og að öll gögn sem uppgjör byggist á séu varðveitt í a.m.k. fimm ár.

Athuga ber að Ríkisendurskoðun er heimilt að kalla eftir greinargerð um ráðstöfun styrksins og meta hvort hann hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Þó

e) **Endurkröfuréttur**

Ráðstafi styrkþegi styrknum, eða einhverjum hluta hans, í annað en styrkurinn er veittur til, eða notkun styrksins brjóti að einhverju leyti í bága við þá skilmála sem hér eru settir, þá er styrkveitenda heimilt að rifta samkomulaginu fyrirvaralaust og krefja styrkþega um endurgreiðslu á því styrkfé sem hann hefur fengið greitt. Reynist útgjöld, vegna verkefnisins samkvæmt umsókn, lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða mismuninn innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör verkefnis lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið mismuninn ásamt innheimtukostnaði.

f) **Ágreiningur**

Komi upp ágreiningur milli styrkþega og félagsmálaráðuneytisins, sem aðilum tekst ekki að leysa, skal vísa honum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Reykjavík, 31. desember 2019



F.h. félagsmálaráðuneytisins



F.h. Hafnarfjarðabæjar

